

Ed.

40. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við lög nr. 40 7. maí 1928, um breyting á lögum nr. 43 20. júní 1923 [Jarðræktarlög].

Flm.: Þorsteinn Briem.

1. gr.

Á eftir orðunum „kr. 1.50 fyrir hvert metið dagsverk“ í 3. gr. laganna komi: í áburðarhúsum og tveim krónum í safnþróum, þó aldrei meira en kr. 1200.00 til hvors um sig.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Nú ræsir maður tún sitt eða land til túngræðslu, og ber honum þá styrkur úr ríkissjóði, er nemi kr. 1.50 fyrir hvert metið dagsverk í opnum skurðum og 2 kr. í lokræsum. Slétti maður tún sitt eða auki, eða girði tún eða land, sem tekið er til ræktunar, ber honum styrkur úr ríkissjóði, er nemi 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk, ef sannað er fyrir Búnaðarfélagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er um ræðir í 9. og 11. gr. Enginn getur þó fengið hærri styrk en kr. 800.00 fyrir hvers árs jarðabætur samkv. þessari grein.

3. gr.

Á eftir orðunum „nýjan matjurtagarð“ í 6. gr. laganna komi: vermireiti eða gróðurhús. Í stað „1 kr.“ komi: 1.50. Á eftir greininni komi ný málsgrein, er hljóðar svo:

Búnaðarfélag Íslands setur reglur um skilyrði fyrir styrk til vermireita og gróðurhúsa.

4. gr.

Í stað orðanna „50 aorum“ í 7. gr. laganna komi: tveim krónum.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er verði 8. gr. laganna, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Greinin orðist svo:

Nú gerir maður þurrheyslööðu, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði,

allt að 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk. Þó veitist engum hærri styrkur en 500 kr. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlaðan sé traust og vel gerð.

Eigi veitist styrkur á hlöður, sem taka minna en 50 hesta heys.

Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um gerð á þurrheyshlöðum, úr hvaða efni þær skuli gerðar og hvernig þær skuli metnar til dagsverka.

6. gr.

Í stað orðanna „3. kr. hvert dagsverk“ í 10. gr. laganna komi: tveim krónum herra hvert dagsverk en styrk nemur fyrir aðrar samskonar jarðabætur samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Síðari málsgrein 15. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er að styrkja með allt að helmingi verðs kaup á jarðræktarvélum, að kornskurðar- og þreskivélum meðtöldum, og flekamótum til safngryfju- og votheystóftabygginga, og séu þær þá eign búnaðarfélags, enda áður fullnægt þeim styrkbeiðnum, er í 14. gr. og fyrri málsgrein þessarar greinar getur.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til allra þeirra framkvæmda, er þau taka til og mældar verða eða metnar á árinu 1935.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52 19. maí 1930.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og var því þá vísað til stjórnarinnar.

Þar sem enn er ekki af stjórnarinnar hálfu komið fram neitt frv. í þessa átt, er frv. þetta nú flutt aftur hér á þingi, til þess að halda málinu vakandi.

Á síðasta þingi fylgdi frv. svolátandi greinargerð:

Tilgangur frumvarpsins er að styðja betur en nú er jarðræktina í landinu og innlenda framleiðslu.

I. Miðar frv. í fyrsta lagi í þá átt, að styðja að betri hagnýtingu innlends áburðar, m. a. til þess að unnt verði að spara að sama skapi hin kostnaðarsömu kaup á erlendum áburði. Er því lagt til, að styrkur fyrir safnþrær verði hækkaður um 50 auru á dagsverk.

Á árunum 1921—1933 hefir verið byggt yfir 28,7% af þeim áburði, sem til fellst í landinu, en fyrir þann tíma hefir því miður ekkert verið byggt af varanlegum áburðarhúsum eða safnþróum. Sýnir eftirfylgjandi tafla, sundurliðuð fyrir hverja sýslu, í 1.—4. dálki, hver húsrýmispörfin er, ef byggt væri yfir allan þann áburð, sem til fellst í landinu, og í 5.—7. dálki, hvert húsrými er til í landinu yfir áburðinn.

	Húsrýmispörf fyrir áburð.				Áburðarhús og safnþrær			Rými í % af þörf. %
	Safngryfjur fyrir naufpen. m ²	salerni. m ²	Áburðar- hús. m ²	Alls. m ²	byggð 1921—30. m ²	byggð 1931—33. m ²	Alls. m ²	
Kaupst. með Rvík	2800	„	11200	14000	2028	940	2966	21,2
Gullbr.- og Kjósarsýsla	5324	4549	21296	31169	12968	5890	18858	60,5
Borgarfjarðarsýsla	2662	2517	10640	15817	3906	1368	5274	33,3
Mýrasýsla	2000	1805	8000	11805	2010	357	2367	21,1
Snæf.- og Hnappadalss.	2584	3638	10336	16558	995	574	1569	9,5
Dalasyýsla	1824	1737	7296	10857	1445	288	1733	16,0
Barðastrandarsýsla	1520	3250	6080	10850	1228	425	1653	15,2
Ísafjarðarsýsla	2350	5861	9400	17611	4973	1571	6544	37,1
Strandasýsla	1022	1815	4088	6925	1686	595	2278	33,0
Húnavatnsýslur	3240	4089	12960	20289	2341	562	2903	14,3
Skagafjarðarsýsla	3432	4067	13728	21227	3301	776	4077	19,2
Eyjafjarðarsýsla	5076	5226	20304	30606	4101	1077	5178	17,0
Þingeyjarsýslur	3392	5627	13568	22587	4819	1816	6635	29,3
Norður-Múlasýsla	2260	2953	9040	14253	1452	108	1560	10,9
Suður-Múlasýsla	2648	5681	10592	18921	1995	436	2431	12,8
Austur-Skaftafellssýsla . .	1246	1139	4984	7369	1862	537	2399	32,5
V.-Skaftafellssýsla	1976	1824	7904	11704	3120	426	3546	32,9
Rangárvallasýsla	6078	3669	24312	34059	9284	1397	10681	31,3
Vestmannaeyjar	496	3331	1984	5811	1744	1774	3518	60,5
Árnessýsla	7726	5152	30904	43782	11791	7267	19058	43,5

Samtals: 59654 67930 238616 366200 77049 28184 105233 28,74
127584

Ef hirtur væri allur áburður undan búfé landsmanna, myndu áburðarkaup geta minnkað að mun. Því að búfénaðurinn framleiðir alla fosfórsýru og kali til þess að viðhalda þeirri ræktun, sem nú er til í landinu, og þess köfnunar-efnis, sem ræktun landsmanna þarfnast.

II. Þá miðar frumvarpið einnig að því, að styðja að betri endingu jarðabóta og auknum afrakstri, með því að hækka styrk til framræslu.

Mjög víða er tónræktinni áfátt í því, að framræsla er ekki nægileg. Af því leiðir, að jarðabæturnar endast verr, frjóefni jarðvegsins sjálfs og áburðurinn notast illa. Töðufall af ræktuninni verður því minna og jafnframt með minna fóðurgildi.

Af öllu hinu ræktaða landi, tónum og gördum, er aðeins 7% ræst fram, og á árabílinu 1921—1933 nær framræslan eigi til meira en 28,5% af nýræktinni þau ár.

Mörg gömul tón vantar því framræslu, og víða hagar svo til, að ekki er kostur á hetra tónefni en múrum eða deiglendis móum. En bændur hafa horft í hinn mikla framræslukostnað og oft reynt í þess stað að rækta frjóefnasauð-ari jarðveg, sem er margfalt áburðarfreakari, en gefur þó minni uppskeru en vel ræst múrarjörð.

Er nauðsynlegt að gera mönnum auðveldara um umbætur í þessu efni, og er því lagt til, að styrkur til framræslu verði hækkaður um þriðjung í opnum

skurðum, en upp í 2 kr. á dagsverk í lokræsum. Er hækkun á styrk til lokræsa-gerðar miðuð við tillögur Búnaðarþings, þess er nú situr, og er hér um nokkra hækkun að ræða frá því, sem var í frumv., er flutt var á síðasta þingi.

III. Enda þótt garðræktin í landinu hafi aukizt hin síðari ár, þá er enn eigi svo mikið framleitt af grænmeti, að þörfinni sé nándar nærri fullnægt. Auk þess myndi aukin notkun garðávaxta verða til gjaldeyrissparnaðar, því að sparazt gætu í þess stað innfluttar neyzluvörur. En þá þarf garðræktin að verða fjölbreyttari, og með almennari notkun vermireita og fjölgun gróðurhúsa myndu skapast möguleikar fyrir fjölbættari grænmetisræktun.

Í gróðurhúsum er hægt að framleiða margar suðrænar nytjajurtir, sem mikið hefir verið flutt af til landsins á undanförunum árum, og er því nauðsynlegt að nota þau skilyrði, sem hér eru fyrir hendi um framleiðslu þeirra. Fyrir því er lagt til í frumvarpinu, að styrkur til garðræktar hækki um þriðjung og að vandadir vermireitir og gróðurhús njóti sama styrks.

IV. Frumvarpið miðar ennfremur í þá átt, að styðja meira en nú er gert að betri nýtingu heyjanna, með því að hækka styrkinn til votheystófta. Það hefir ekki sízt orðið ljóst síðastliðið ár, að nauðsynlegt er að geta komið við votheysverkun í öllum sýslum landsins og þar með tryggt sæmilega nýting nokkurs hluta heyjanna, hvernig sem viðrar. Votheyshlöður eru til í landinu yfir aðeins 3,4% af ársheyafli landsmanna, og svo sem sjá má af eftirfarandi töflu, er mjög litið um votheyshlöður í mörgum sýslum landsins.

	Steyptar. m ³	Votheyshlöður Annað efni. m ³	Alls. m ³	Rúmar hestburði töðu eða há.	Rúmar af meðal heyafli
Kaupstaðirnir m/ Rvík	865	63	928	2320	
Gullbr.- og Kjósarsýsla	2964	286	509	8125	
Borgarfjarðarsýsla	509	„	509	1273	
Mýrasýsla	384	21	405	1013	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	156	10	166	415	
Dalasýsla	186	22	208	520	
Barðastrandarsýsla	112	563	675	1688	
Ísafjarðarsýslur	1367	1527	2894	7235	
Strandasýsla	195	662	857	2143	
Húnavatnssýslur	831	949	1780	4450	
Skagafjarðarsýsla	210	2007	2217	5543	
Eyjafjarðarsýsla	621	546	1167	2918	
Þingeyjarsýslur	90	488	578	1445	
Norður-Múlasýsla	552	704	1256	3140	
Suður-Múlasýsla	121	„	121	303	
Austur-Skaftafellssýsla	468	472	940	2350	
Vestur-Skaftafellssýsla	323	462	785	1963	
Rangárvallasýsla	3936	558	4494	11235	
Vestmannaeyjar	„	„	„	„	
Árnessýsla	1676	775	2451	6128	
Samtals:	15566	10115	25681	64207	3,41%

Þótt votheystóftabyggingar hafi nokkuð aukizt hin síðustu ár, þá miðar votheysverkun hinsvegar of seint áfram, jafnvel í mestu votviðrasveitum landsins. og verða bændur oft fyrir miklu afurðatapi á búpeningi vegna hraktra heyja, jafnvel þrátt fyrir tilfinnanleg útgjöld til kaupa á fóðurbæti. Er því brýn nauðsyn að hvetja menn til þessarar heyverkunar, og því er hér lagt til, að styrkur til votheystófta verði hækkaður úr 50 aukum upp í 2 kr. á hvert metið dagsverk.

V. Samkvæmt lögum nr. 52 19. maí 1930 skulu þurrheyslöður, sem styrkur er veittur til, vera gerðar úr steinsteypu, eða steinlindar, og þak úr bárujární eða steinsteypu.

Steinsteypur hlöðubyggingar eru mun dýrari en hlöður úr öðru efni, t. d. timbri og jární. Viðsvegar hagar þannig til, að kostnaðarsamt og nær ómögulegt er að fá steypuefni til bygginga. Það virðist því mjög óeðlilegt, að þeir, er gera verða heylöður sínar úr öðru efni, njóti eigi styrks samkvæmt lögnum, og það því fremur, sem hey verkast vart eins vel í steinhlöðum og í hlöðum úr öðru efni. Þó að ending þeirra bygginga sé nokkru minni en hinna steinsteypu, þá má fullyrða, að í hinum þurrviðrasamari héruðum norðanlands og vestan séu hús, byggð úr timbri og jární, eða jafnvel að nokkru með vel hlöðnum veggjum úr torfi og grjóti, allvaranleg. Að einbinda styrkinn við alsteypur hlöður tefur mjög fyrir því, að menn komi upp nauðsynlegum húsum yfir hey sín. Fyrir því er lagt til í frumvarpi þessu, að hlöður úr öðru efni verði einnig styrkhæfar og jafnframt tvöfaldaður styrkurinn.

Til þess að tryggja, að hús þessi verði sem haganlegast gerð og þannig frá þeim gengið, að þau verði sem varanlegust, er Búnaðarfélagi Íslands falið að setja nánari reglur um gerð þeirra og frágang, enda ákveður það, hvernig hlöðurnar skuli metnar til dagsverka.

VI. Ekki er minni ástæða til að styðja að því, að jarðabætur leiguliða á þjóðjörðum og kirkjujörðum verði sem bezt unnar og varanlegastar, og að þeim notist sem bezt að þeim jarðabótum, sem þar eru gerðar. Er því sanngjarnt, að leiguliðar þessara jarða njóti tilsvarendi hækkunar á þeim jarðabótadagsverkum, er ganga til greiðslu eftirgjalds.

VII. Reynslan hefir sýnt, að þá fyrst kemst verulegur skriður á jarðræktarframkvæmdir í hverju héraði, þegar vélar eru fengnar til jarðvinnslunnar.

Hinsvegar eru jarðræktarvélar svo dýr áhöld, að búnaðarfélögum og jafnvel búnaðarsamböndum hefir veitt svo erfitt að afla þeirra og standa straum af lánnum, sem til kaupanna hafa verið tekin, að eigi hefir orðið hjá því komizt að veita sumum þeirra greiðslufrest jafnvel ár eftir ár.

Er þetta lítt viðunandi fyrirkomulag, og virðist því nauðsyn til bera að hækka svo styrkinn til vélakaupanna, að félögunum verði auðið að standa við lánskuldbindingar sínar. Er því lagt til, að heimilað verði að veita styrk, allt að helmingi verðs, til kaupa á jarðræktarvélum.

Hið háa verð vélanna og það, að hér er aðeins um heimild að ræða, ætti að vera næg trygging fyrir því, að vélum verði ekki fjölgað fram yfir það, sem þörf krefur.

Hinar stórmerku tilraunir Búnaðarfélags Íslands í kornræktinni gefa vonir um nýtt viðhorf í landbúnaðinum, a. m. k. í miklum hluta landsins. Jafnvel

þótt víða yrði aðeins um byggrækt að ræða, þá væri þar fengin ný aðstaða til að bæta fóðurforðann handa búpeningi landsmanna og tryggja afurðir hans. Þá yrði og stórum bætt aðstaða til aukinnar eggjaframleiðslu og svínaræktar, auk þess búsilags, sem byggkornið er til manneldis.

Tilraunir í þessari grein jarðyrkjunnar hafa nú þegar verið gerðar, með þeim árangri víða á landinu, að rétt þykir að styðja framtakssama einstaklinga og félög til kaupa á nauðsynlegustu áhöldum til þessarar framleiðslu. Og er hér því lagt til, að menn njóti sama styrks til kaupa á þeim vélum, sem þarf við kornuppskeru og þreskingu, eins og til kaupa á öðrum jarðræktarvélum.

Þá er og lagt til, að búnaðarfélögum verði veittur styrkur til kaupa á flekamótum til safngryfju- og votheystóftabyggingar, til þess að létta undir með bændum um þessar bráðnauðsynlegu framkvæmdir.

Ef miðað er við jarðabætur árána 1932 og 1933, mundi hækkun jarðabótastyrks samkvæmt frv. þessu nema rúmum 50 þús. kr. Og þar sem tekjur rikissjóðs hafa með lögum frá síðasta þingi verið auknar a. m. k. um 2 milljónir króna, þá virðist ekki mega til minna ætlast en að $\frac{1}{40}$ hlutanum, eða 2½%, af þeim tekjuauka verði varið til þess að auka jarðræktina, tryggja afurðir hennar og lækka framleiðslukostnað landbúnaðarafurða á þann hátt, sem hér er lagt til.

En þyki þetta þó ekki fært, mun Bændaflokkurinn flytja aftur þá tillögu, sem hann flutti á síðasta þingi um frestun á framkvæmd þeirra lagaákvæða, að verja skuli 15%, eða um 60 þús. kr., af bifreiðaskatti til að styrkja malbikun gatna í kaupstöðum, en að því fé, sem þannig sparast, yrði varið til að styrkja jarðræktina í landinu, á þann hátt, sem lagt er til í frv. þessu.

Mundu þá heildarútgjöld rikissjóðs litið aukast, þó að frv. þetta yrði að lögum. Og verður þá aðeins á það að líta, hvort fremur beri að styrkja til þess að gerðar séu bikaðar grjótgötur eða gróin tún.